


Frjálsi áhætta - Tækifæri í upp- og niðursveiflum

Frjálsi lífeyrissjóðurinn býður upp á val milli fjögurra mismunandi fjárfestingarleiða fyrir séreignarsparnað. Frjálsi áhætta er ein þessara leiða, stofnuð árið 2008 með það að markmiði að auka valfrelsi sjóðfélaga með því að bjóða þeim upp á áhættumeiri leið. Frjálsi áhætta er sú fjárfestingarleið sem hefur hæsta vægi erlendra eigna og hlutabréfa.

Mikill kraftur var á verðbréfamörkuðum þvert á eignaflokka á síðasta ári þrátt fyrir óvissu um efnahagsástand víðs vegar um heim. Sá eignaflokkur sem skilaði mestri ávöxtun voru innlend hlutabréf en flokkurinn vegur hvað þyngst í eignasafni Frjálsa áhættu. Ávöxtun eignasafns Frjálsa áhættu var fyrir vikið mjög góð og gaman að segja frá því að hún hafi jafnframt verið sú hæsta frá stofnun leiðarinnar. Á myndinni hér að neðan má sjá niðurbrot ávöxtunar ársins 2021 á hvern eignaflokk fyrir sig.




Á sama tíma og aukin áhætta leiðir til hærri væntrar langtímaávöxtunar þarf einnig að vera meðvitaður um það að áhættan á einnig við á hinn bóginn, þ.e. aukin áhætta getur leitt til lægri ávöxtunar, sérstaklega til skamms tíma. Fyrstu tveir mánuðir ársins skiluðu neikvæðri nafn- og raunávöxtun hjá Frjálsa áhættu upp á 6,1% og 7%. Þetta er í samræmi við þá lækkun sem hefur verið á innlendum og erlendum hlutabréfamörkuðum undanfarið.

Nú þegar stefnir í að heimsfaraldur fari dvínandi, á sama tíma og verðbólguhorfur eru talsverðar og væntingar eru um hækkandi vaxtastig víðs vegar um heim má gera ráð fyrir að verðbréfamarkaðir muni ekki verða jafn kröftugir og á síðasta ári. Að auki eru nýlegar væringar líkt og stríðsrekstur með tilheyrandi hliðaráhrifum til þess fallnar að gera skammtímahorfur þungbúnari en ella. Hvað varðar lengri tíma sparnað eins og séreignarsparnað er mikilvægt að minna sig á að ávöxtun til lengri tíma er það sem mestu máli skiptir og ekki er óeðlilegt að í áhættumeiri fjárfestingarleiðunum geti verið þó nokkrar sveiflur milli ára en á móti koma væntingar um hærri langtímaávöxtun. Hér á orðatiltækið „*þolinmæði þrautir vinnur allar*“ því vel við.

Áherslur Frjálsa áhættu

Undanfarin ár hefur Frjálsi áhætta stækkað töluvert sem má rekja til þess að sífelld fleiri sjóðfélagar hafa valið að ávaxta lífeyrissparnað sinn í leiðinni auk þess sem ávöxtun hennar hefur verið góð. Árið 2017 var hafið að skerpa á áhættustigi fjárfestingarstefnunnar auk þess sem meiri þungi var settur í upplýsingaefni. Áherslur fyrir fjárfestingarstefnu 2022 eru að auka enn frekar vægi hlutabréfa og með því skerpa frekar á áhættustigi leiðarinnar. Nánari umfjöllun um eignaflokkana má finna [hér](#). Á myndinni hér að neðan má sjá þróun fjárfestingarstefnu Frjálsa áhættu síðustu ár.

Þróun fjárfestingarstefnu Frjálsa áhættu



Er Frjálsi áhætta fyrir þig?

Þegar kemur að því að velja í hvaða fjárfestingarleið skal ráðstafa séreignarsparnaði er mikilvægt að kynna sér þá valkosti sem standa til boða með tilliti til þeirrar áhættu sem vilji er til að taka. Frjálsi áhætta er fyrst og fremst ætluð þeim sem eru tilbúin að þola skammtímasveiflur í ávöxtun og eru tilbúin að taka áhættu með von um góða langtímaávöxtun. Segja má út frá þeim rökum að leiðin henti vel þeim sem hafa tímann fyrir hendi sér þegar kemur að sparnaði, þ.e. ekki er fyrirhugað að taka sparnaðinn út í náinni framtíð. Þá ber að nefna að sjóðfélagar geta einnig valið að flytja hluta af séreign sinni í Frjálsa áhættu þeim að kostnaðarlausu og ávaxtað þannig séreign sína í fleiri en einni fjárfestingarleið.